

## Náttúruverndarstofnun

Langanesbyggð  
Skipulagsfulltrúi  
Langanesvegi 2  
680 Þórshöfn

Garðabær, 20. febrúar 2025  
202502-0033/S.K.V.  
08.02

### Efni: Ósk um umsögn - Deiliskipulag - nýtt - Tunguárvirkjun í Þistilfirði

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Langanesbyggðar er barst 10.2.2025 þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um auglýsingu að breytingu á aðalskipulagi.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar auglýsir skipulagslýsingu vegna vinnu við breytingu á Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027 og við nýtt deiliskipulag vegna Tunguárvirkjunar í Þistilfirði. Tunguárvirkjun ehf. hefur áform um að reisa vatnsaflsvirkjun í Tunguá í Þistilfirði með áætlað uppsett afl 2,1 MW. Markmið skipulagsins er að skapa svigrúm fyrir uppbyggingu virkjunarinnar.

Náttúruverndarstofnun bendir á að um er að ræða tiltölulega óraskað svæði og er þar að finna bæði votlendi og fossa sem njóta verndar sk. 61. gr. laga um náttúruvernd.

Skipulagssvæðið er afar vel gróið og lax finnst í Tunguá. Hvoru tveggja eru þetta vísbendingar um öflug vistkerfi sem jafnframt eru viðkvæm fyrir raski.

Virðingarfyllt,

Sveinn Kári Valdimarsson

**Sérfræðingur**

Axel Benediktsson

**sérfræðingur**